

Fundargerð 455. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2023, föstudaginn 18. ágúst kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Alexandra Jóhannesdóttir og Björn Arnaldsson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2023 - 2301001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 454. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 13. júní 2023 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Umhverfiseinkunnarkerfi fyrir skemmtiferðaskip - Environmental Port Index - Epi - 2302001HA

Rætt um EPI vottunarkerfið sem Faxaflóahafnir hafa verið að notast við. Einnig lagt fram minnisblað frá Eflu, dags. 15. ágúst 2023, um mælaborð fyrir umhverfisástand hafna á Íslandi.

Stjórn Hafnasambands Íslands fagnar þeim breytingum sem gerðar voru á hafnalögum síðastliðið vor varðandi heimildir hafna til að taka mið af umhverfisframmistöðu skipa í gjaldskrá, en bendir á að þær einskorðast eingöngu við þær hafnir sem falla undir 20 gr. hafnalaga. Tryggja þarf að þetta nýja ákvæði nái til allra rekstrarforma hafna þannig að allir hafnarsjóðir geti nýtt sér gjaldskrá sína að fullu til að hvetja til umhverfisvænni umferðar um sín hafnarsvæði með ívilnunum eða álögum.

3. Hafnafundur 2023 - 2211002HA

Lögð fram drög að dagskrá hafnafundar sem haldinn verður í ráðstefnusal Hafrannsóknarstofnunar í Hafnarfirði 20. október 2023.

Formanni falið að vinna áfram að undirbúningi m.v. umræður á fundinum.

4. Drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 - óskað umsagnar - 2307017SA - óskað umsagnar - 2307001HA

Lögð fram til kynningar umsögn Hafnasambands Íslands um drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038.

Formanni falið að fylgja umsögninni eftir á fundi með innviðaráðherra.

5. Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða - skipan svæðisráða o.fl. - 2308002HA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 16. ágúst 2023, um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða (skipan svæðisráða o.fl.), mál nr. S-132/2023.

Fundi var slitið kl. 13:00